

Atvinnuveganefnd.
Umsögn vegna: Þingskjals 1060 – 647.mál

Reykjavík, 29.03.2019

Umsögn Hábrúnar ehf. um fyrirliggjandi stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), þingskjal 1060 — 647. mál.

Hábrún hf

Félagið hefur verið frumkvöðull á sviði fiskeldis í Ísafjarðardjúpi samfelld í nær 2 áratugi og er **eina fyrirtækið sem stundar sjókvíaeldi í Djúpinu**. Hábrún hefur leyfi til eldis 700 tonna af regnbogasilungi.

Frumkvöðlaréttur

Hábrún telur það mikið réttlætismál að hagsmunir frumkvöðla, sem starfrækja fiskeldi á tilteknum svæðum, verði ekki fyrir borð bornir og að hefðarréttur skapi þeim réttmætan forgangsrétt að viðkomandi svæðum þegar lagt er mat á tilboð (umsóknir) við úthlutun svæða og leyfa. Þessi fyrirtæki heimamanna hafa lagt mikinn tíma, vinnu og fjármuni í þá áhættu sem frumkvöðlastarfi fylgir. Það hefur verið gert í þeirri trú að geta í framhaldinu aukið umfang eldisins í hæfilegum skrefum þegar reynslu hefur verið náð og innviðir byggst upp.

Tillögur um breytingar

1) Úthlutun svæða – 3.grein (breyting á 4.grein nógildandi laga)

Hábrún leggur til að bætt verði við 3.mgr 3.gr eftirfarandi setningu: „Þá skal við úthlutun svæða tekið fullt tillit til frumkvöðla sem stunda fiskeldi á viðkomandi svæði.“

2) Útgáfa rekstrarleyfa – 23.grein

Því til samræmis leggjum við til að eftirfarandi breyting verði gerð á 23.grein málslið b. (II) laganna:

- að setning sem nú hljóðar: „Umsóknir um rekstrarleyfi á sama sjókvíaeldissvæði skv. 1. másl. skulu afgreiddar í þeirri röð sem þær berast Matvælastofnun....“
- muni hljóða: „Umsóknir um rekstrarleyfi á sama sjókvíaeldissvæði skv. 1. másl. skulu afgreiddar í þeirri röð sem þær berast Matvælastofnun að teknu fullu tilliti til forgangsréttar frumkvöðla sem starfrækja eldi á svæðinu.....“

Að okkar mati er hér um mikið réttlætismál að ræða og ekki hægt að fara fram með málið án þess að taka tillit til þessara sjónarmiða. Þessu til stuðnings nægir að líta til stöðunnar í Ísafjarðardjúpi. Fari fram sem horfir og frumvarpið samþykkt óbreytt gæti svo farið að lítið sem ekkert pláss yrði fyrir eðlilegan vöxt frumkvöðlafyrirtækja heimamanna (Hábrún og Háafell), sem jafnframt eru þeir einu sem eru og/eða hafa verið með sjókvíaeldi í Djúpinu.

3) Ræktun á ófrjóum laxi

Það er skoðun Hábrúnar að allar greinar sem lúta að úthlutun svæða undir tilraunir með ófrjóan lax skuli feldar úr frumvarpinu. Við teljum að eldi á ófrjóum laxi sé eingöngu á tilraunastigi og ekki rétt að binda í lög ákvæði sem leiða til ótímabærra umsókna og úthlutunar leyfa án krafna um nýtingu. Ræktun á ófrjóum laxi er seinni tíma mál og þarf engin sérákvæði um hana enda mun hún falla vel að öðrum ákvæðum laganna þegar og ef hún verður að veruleika.

Hábrún leggur til að samin verði sérstök grein er lúti að tilraunaeldi á ófrjóum laxi. Þar verði kveðið á um að tilraunir verði leystar með sérstökum takmörkuðum úthlutunum til tilraunaeldis á vegum Hafrannsóknarstofnunar líkt og hugsunin er með tilraunaeldi stofnunarinnar í Ísafjarðardjúpi.

Virðingarfyllst,

Gísli Jón Hjaltason
stjórnarformaður Hábrúnar hf.
Brunngötu 14
400 Ísafirði